



127. fundur Stúdentaráðs

Þriðjudagur 11. nóvember 2025 kl. 17:00

Fundarritari: Bríet Stefanía

Mættir:

Dagbjört Elva (Forseti), Bríet Stefanía (Varaforseti), Rakel Sif (Fjármálastjóri), Rebecca Lísbet, Sara Lind, Aldís Mjöll, Guðrún Mist, Hilmar Örn, Jóhannes Már, Aðalbjörn, Katla Ósk, Steindór, Rakel Rún og Örvar

Fundur settur: 16:58

Dagskrá 127. fundar

- 1. Áslaug Ásgeirsdóttir rektor Háskólans á Akureyri og Silja Rún**
 - Áslaug kynnti sig og sagði okkur frá sínu starfi.
 - Tekið var gott spjall um sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst, örnám og stefnumótun.
- 2. Vinnufundur SHA**
 - Silja Rún, Vaka og Sólveig María ætla að vera með erindi á vinnufundinum
- 3. Fléttikennsla**
 - Stúdentafélag Háskólans á Akureyri skorar á Háskólann á Akureyri að afnema fléttukennslu skyldunámskeiða. Telur félagið umrætt fyrirkomulag skerða réttindi stúdenta við þær deildir þar sem skyldunámskeið eru fléttukennd, fara gegn reglum skólans og vera til þess fallið að rýra hag skólans.

Greinargerð

Dæmi eru um að nemendur sem vegna óviðráðanlegra aðstæðna þurfa að segja sig úr fléttukenndu skyldunámskeiði þurfi að fjölga námsárum í grunnámi upp í fimm ár. Hefur slík lenging á námstíma afdrifarík áhrif sem hér eru nánar listuð.

Námslán

Núgildandi fyrirkomulag námslána er byggt upp á þann hátt að fjárhagslegir hvatar fylgja því að ljúka námi innan tiltekins tíma. Fléttikennslu fylgir því aukin fjárhagsleg áhætta fyrir stúdenta námsbrauta þar sem skyldunámskeið eru fléttukennd, þar sem þeir hafa ekki sömu möguleika til þess að nýta sér sveigjanleika í námslokum til jafns við aðra stúdenta.

Stúdentaíbúðir

Úr samþykktum FÉSTA: „Hámarksdvalartími hjá FÉSTA miðast við eðlilegan námstíma og er skilgreindur hámarksdvalartími 8 ár hjá FÉSTA, og miðar það að grunnnámi og tveim námsleiðum á framhaldsstigi. [...] Við úthlutun fyrir hvert skólaár hafa þeir forgang á húsnæði sem stunda reglulegt nám við Háskólann á Akureyri, sýna eðlilega námsframvindu og hlýða þeim reglum og fyrirmælum sem gilda fyrir garðbúa. Námsframvinda telst vera eðlileg ef umsækjandi hefur lokið að meðaltali minnst 40 ECTS einingum á ári.“ Leiðir þetta til þess að stúdent sem hefur þurft að segja sig úr fléttukenndu skyldunámskeiði á lokaári í grunnnámi gæti misst rétt sinn til búsetu í stúdentaíbúðum FÉSTA, nema viðkomandi bæti við sig námskeiðum til að uppfylla einingaskyldu, en slíkt telst til búsetutíma.

Brottfall

Dæmi eru um að stúdentar skrái sig í námskeið í öðrum skólum til þess að forðast námskeið sem hafa á sér orð fyrir að vera þung, og óski svo eftir að fá þau metin til náms hér við skólann af ótta við að „festast“ í grunnnámi umfram þann námstíma sem skilgreindur er í reglum skólans.

Samræmist ekki reglum skólans

Samkvæmt 47. gr. reglna Háskólans á Akureyri um námstíma er stúdentum gefinn námstími sem er x1,5 umfram áætlaða lengd námsbrautar til að klára gráðu samkvæmt námskrá þess skólaárs sem stúdent hóf námið. Því þurfa nemendur sem þurfa að segja sig úr námskeiði á seinni önn á þriðja ári í grunnnámi að lengja nám sitt umfram það sem reglur skólans leyfa, sækja um sérstaka undanþágu og mögulega bæta við sig námskeiðum samkvæmt nýrri námsskrá

Þessi áskorun var samþykkt einróma

4. Viðmið varðandi börn í kennslu

- Rætt var um börn í kennslustundum og vorum við öll sammála því að það þarf að vera samræmi milli allra deilda og það þarf að taka fram í byrjun námskeiðs hvort það henti að hafa börn viðstödd í því námskeiði eða ekki.

5. Önnur mál

- Því miður þurfum við að fresta Bingóinu sem var á dagskrá. Tíminn féll frá okkur og salurinn var ekki laus þær dagsetningar sem upprunalega var búið að ákveða. Ekki er hægt að halda það á öðrum tíma þar sem þá er allt of stutt í próf.
- Það kom upp hugmynd meðal kennara þar sem nemendur geta kosið kennara ársins innan deildar.
- Aldís fór á kynningu fyrir Evrópskt stúdentakort og sagði okkur frá því
- Það kom upp hugmynd að vera með Drift nýsköpunar viðburð og tóku allir mjög vel í það

Fundi slitið 19:25